

Þriðjudaginn 28. júní 1955.

Nr. 75/1953. Sigríður Einarsdóttir (Magnús Thorlacius)

gegn

Gísla Halldórssyni h/f

og

Gísla Halldórssyni (Gústaf A. Sveinsson)

og gagnsök.

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Búskipti hjóna. Krafa á hendur búinu.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 27. maí 1953. Krefst hún þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, en *til vara*, að kröfum gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar h/f í bú aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar verði hrundið. Þá krefst aðaláfrýjandi þess einnig, að felld verði niður ómerking átalinna ummæla og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu, útgefinni 10. júní 1953. Krefjast þeir þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að vextir verði dæmdir frá 1. desember 1949 og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði. *Til vara* krefjast þeir þess, að úrskurður skiptaráðanda verði staðfestur óbreyttur. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Ómerkingarkröfu sína reisir aðaláfrýjandi á því, að skiptaráðandi hafi ekki í úrskurði sínum greint nægilega á milli einstakra liða í kröfu gagnáfrýjanda Gísla Halldórs-

sonar h/f á hendur búinu og ekki metið gildi þeirra hvers um sig. Þegar litið er til þess, að hér var um að tefla greiðslur svo þúsundum skipti, aðallega vegna heimilishalds aðaláfrýjanda Sigríðar Einarsdóttur og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar um 10 ára bil, þá þykir skiptaráðandi hafa aðgreint kröfuliðina nægilega í hinum áfrýjaða úrskurði. Verður ómerkingarkrafan því ekki tekin til greina.

Þau málsaðiljarnir Gísli Halldórsson verkfræðingur og Sigríður Einarsdóttir gengu að eigast árið 1935. Gísli rak einkafyrirtæki á verkfræðisviði, sem aðalatvinna hans virðist hafa verið við bundin. Árið 1941 stofnaði hann ásamt eiginkonu sinni og þremur aðiljum öðrum hlutafélagið Gísli Halldórsson h/f. Hlutfé félagsins nam kr. 10.000.00. Var Gísli skráður eigandi hluta í því, að fjárhæð kr. 9600.00, eiginkona hans, þ. e. aðaláfrýjandi, eigandi hlutar, að fjárhæð kr. 100.00, og hinir þrír aðiljarnir eigendur að 100 króna hlut hver. Tók félagið við fyrri starfsemi Gísla Halldórssonar, en hann var sjálfur stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins.

Um mánaðamótin nóvember og desember 1949 slitu þau Gísli og Sigríður samvistir. Bú þeirra var tekið til opinberra skipta, og hófust þau með uppskrift á búinu hinn 9. október 1950. Hinn 14. nóvember s. á. fengu þau leyfisbréf til hjónaskilnaðar, og hinn 7. desember 1951 sömdu þau svo með sér, að skipti á búi þeirra skyldi miða við 1. desember 1949. Hafði þá verið ákveðið, sbr. dóm Hæstaréttar 19. nóvember 1951, að hlutabréf þau í félaginu Gísla Halldórssyni h/f, sem skráð voru á nafn Gísla Halldórssonar, kr. 9600.00, skyldu lögð honum út við skiptin upp í búshluta hans, en að bréf það, kr. 100.00, sem skráð var á nafn aðaláfrýjanda, skyldi koma í hennar hlut.

Eftir að búskipti hófust, afhenti Gísli Halldórsson skiptaráðanda ódagsetta skrá um skuldir búins, miðað við 1. desember 1950. Er skuld búins við Gísla Halldórsson h/f talin þar „skv. bókum fyrirtækisins“ kr. 462.740.00. Síðar afhenti Gísli Halldórsson skiptaráðanda aðra skrá um skuldir búins, dags. 22. desember 1950. Þar er talin í 3. tölulið „skuld við Gísla Halldórsson h/f kr. 364.660.00“. Enn afhenti Gísli skiptaráðanda skuldaskrá, dags. 15. marz 1951, og er þá mið-

að við 31. desember 1950. Þar er skuld búsins við Gísla Halldórsson h/f talin kr. 177.651.40. Hinn 25. apríl 1951 var svo af hálfu Gísla Halldórssonar h/f lýst kröfu í búið, að fjárhæð kr. 176.452.66, en sú krafa var síðar lækkuð í kr. 147.472.45, eins og í úrskurði skiptaráðanda greinir.

Af hálfu aðaláfrýjanda, Sigríðar Einarsdóttur, er því haldið fram, að krafa þessi sé röng í heild sinni.

Vegna framangreinds samnings málsaðiljanna Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur um, að búskiptin skuli miða við 1. desember 1949, þykir rétt að greina kröfu Gísla Halldórssonar h/f í búið í tvo aðalliði, eins og gert er í hinum áfrýjaða úrskurði, með þessum hætti:

1. Krafa, sem félagið telur sig hafa átt á hendur Gísla Halldórssyni hinn 1. desember 1949 Kr. 81.081.71
2. Fjárhæð, sem félagið telur sig hafa greitt eftir 1. desember 1949 vegna þeirra Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur, eða bús þeirra — 66.390.74

Um 1. Gagnáfrýjandi Gísli Halldórsson h/f styður þenna kröfufilið einkum við framlagðan viðskiptareikning Gísla Halldórssonar við félagið, og er því lýst, að reikningurinn sé tekinn eftir bókum þess. Hefst hann í ársbyrjun 1941 og nær fram yfir 1. desember 1949, en samkvæmt vottorði löggilts endurskoðanda á skuld Gísla Halldórssonar að nema þann dag áðurgreindri fjárhæð, kr. 81.081.71. Reikningur þessi ber það ljóslega með sér, að alla tíð frá stofnun félagsins og fram yfir 1. desember 1949 hefur Gísli Halldórsson notað félagið sem framfærslustofnun fyrir sig og fjölskyldu sína með sama eða svipuðum hætti og einkafyrirtæki sitt áður. Persónulegum fjárreiðum Gísla og fjárreiðum félagsins virðist alla tíð hafa verið blandað saman. Hefur Gísli tekið fé úr sjóði félagsins til persónulegra nota, þegar hann þurfti á að halda, en greitt félaginu öðru hvoru fjárhæðir, sem honum áskotnuðust. Þá hefur Gísli látið félagið greiða heimilisreikninga sína og önnur persónuleg útgjöld nefndan tíma, svo sem reikninga fyrir matvæli, ljós, hita, fatnað, lyf, sjúkrasamlagsgjöld, áskriftagjöld dagblaða, opinber gjöld o. s. frv.

Laun hefur Gísli fært sér til tekna á viðskiptareikningnum í árslok flest árin, en þó eru laun fyrir árin 1945 og 1946 ekki færð honum til tekna fyrr en í desember 1947, laun fyrir 1947 í desember 1948, að því er virðist, og laun fyrir 1948 í desember 1949, en ekki sést á reikningnum, að honum séu talin til tekna laun fyrir árið 1949, eða til 1. desember þess árs. Er reikningurinn bæði um þetta og fleira óglöggur, enda skortir fylgiskjöl með mörgum liðum hans.

Þegar þess er gætt, að félagið Gísli Halldórsson h/f var undir umráðum Gísla Halldórssonar, sem átti næstum öll hlutabréf í því, að Gísli notaði félagið sem einkafyrirtæki til að framfæra sig og fjölskyldu sína með framangreindum hætti og að persónulegum fjárreiðum Gísla og fjárreiðum félagsins var blandað saman, þá þykir ekki rétt að taka fjárhæð þessa til greina, þegar eignum málsaðiljanna Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur er skipt milli þeirra.

Um 2. Þessi kröfuliður tekur yfir ýmsar greiðslur, sem Gísli Halldórsson telur Gísla Halldórsson h/f hafa innt af hendi, eftir að þau slitu samvistir, hann og aðaláfrýjandi, Sigríður. Fallast má á það, sem segir í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, að greiðslur þessar, að því leyti sem þær teljast sannaðar, séu þess eðlis, að búi þeirra aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar beri að endurgreiða þær, þegar litið er til samnings nefndra málsaðilja um, að skipti búsin skuli miða við 1. desember 1949, og að Gísli var gert að greiða Sigríði og börnum þeirra meðlag frá þeim tíma. Þá má einnig telja með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar, að nægilega sé sannað, að félagið hafi innt greiðslur þessar af hendi, að undantekinni einni greiðslu, að fjárhæð kr. 1300.00, sem talin er hafa verið greidd Kjartani Karlssyni hinn 23. febrúar 1950. Hefur ekki verið lögð fram kvittun frá Kjartani þessum né sannað á annan hátt, að greiðslan hafi farið fram. Ber því að draga kr. 1300.00 frá fjárhæð þeirri, sem hér er til álita, og lækkar hún við það í kr. 65.090.74. Þá fjárhæð ber að taka til greina með 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1951 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað

af málinu í héraði, en að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Málflytjendur aðilja hafa verið óþarflega harðorðir í garð gagnaðiljanna, og ber að átelja það, en ekki þykir næg ástæða til að ómerkja einstök ummæli.

Dómsorð:

Krafa gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar h/f í bú aðaláfrýjanda, Sigríður Einarasdóttur, og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar skal tekin til greina við skipti bússins með kr. 65.090.74 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1951 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað. Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 16. maí 1953.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 21. f. m., hefur sóknaraðili, Gísli Halldórsson h/f, hér í bæ, gert þær kröfur að fá greitt af óskiptu úr félagsbúi Sigríðar Einarasdóttur og Gísla Halldórssonar verkfræðings, hér í bæ, kr. 147.472.45 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1949 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, en bú þetta er undir opinberum skiptum.

Varnaraðili Gísli Halldórsson hefur samþykkt þessar kröfur á hendur félagsbúinu, en varnaraðili Sigríður Einarasdóttir, Bólstaðarhlíð 3, hér í bænum, hefur mótmælt þeim með öllu og krafist málskostnaðar.

Mál þetta var flutt skriflega.

Varnaraðiljar í máli þessu, sem gengu í hjónaband á árinu 1935, slitu samvistir fyrst í desember 1949, að því er upplýst er fyrir skiptaréttinum. Hins vegar hófust opinber skipti á félagsbúi þeirra hjóna ekki fyrr en með uppskrift á búinu, er byrjaði þann 9. október 1950. Þegar í stað kom fram verulegur ágreiningur um skuldir bússins og ábyrgð á þeim. Innköllun var ekki gefin út til skuldheimtumanna, en hins vegar lagði Gísli Halldórsson fram skrá yfir skuldir bússins og þar á meðal þessa skuld, sem upphaflega var talin miklu hærri en gert er hér. Þegar mál þetta var þingfest hér fyrir réttinum 25. apríl 1951, gerði sóknaraðili kröfu til að fá greitt úr félagsbúinu kr. 176.452.66 auk vaxta og málskostnaðar, og var

sú krafa á hendur búinu miðuð við viðskipti Gísla Halldórssonar við hlutafélagið til 31. desember 1950. Á skiptafundi í félagsbúi þeirra hjóna, er haldinn var 7. desember 1951, komu aðiljar sér saman um að miða skiptin við 1. desember 1949, og varð við það sú breyting á kröfugerð sóknaraðilja, að krafan á félagsbúið sjálfst lækkaði niður í kr. 147.472.45, og er það sú krafa, sem nú er gerð á hendur félagsbúinu, sbr. réttarskjal nr. 1257, auk vaxta og kostnaðar. Er krafa þessi sundurgreind í 3 liði, svo sem hér segir:

Inneign félagsins samkvæmt réttarskj. 1258	kr. 81.081.71
Inneign félagsins samkvæmt I. tölul. réttarskj. 1259 ..	— 44.225.74
Inneign félagsins samkvæmt II. tölul. réttarskj. 1259 ..	— 22.165.00

Samtals kr. 147.472.45

Krafan undir lið 1 er til orðin fyrir 1. desember 1949, þegar talið er, að aðiljar hafi slitið samvistir, en kröfurnar undir nr. 2 og 3 eru til orðnar eftir þann tíma.

Sóknaraðili skýrir svo frá, að Gísli Halldórsson verkfræðingur hafi verið formaður og framkvæmdastjóri firmans Gísla Halldórssonar h.f. frá því að það var stofnað snemma árs 1941. Hafi hann haft laun hjá félaginu og að öðru leyti haft við það ýmis viðskipti. Við þetta hafi hann smátt og smátt komið í skuld við félagið, sem nemi þessari upphæð.

Kröfum sínum til stuðnings hefur hann lagt fram endurrit af viðskiptareikningi Gísla Halldórssonar við sig auk flestra fylgiskjala, og hefur Kolbeinn Jóhannsson endurskoðandi borið saman viðskiptareikning þenna við bækur félagsins og staðfest, að afrit hans væri rétt. Telur sóknaraðili, að með þessu sé fengin full sönnun fyrir skuldakröfu þessari, enda styðji hana og framburður Þórðar Bjarnasonar, sem haft hafi bókhaldið á árunum 1942—1947, og Þóris Hall, sem fært hafi bækurnar frá því í marz 1949, þar sem þeir hafi báðir lýst yfir því, að bækur firmans hafi verið nákvæmlega færðar og fullt samræmi í færslum þeirra. Þá hafi og varnaraðili Sigríður Einarsdóttir ekki treyst sér til fyrir rétti að mótmæla neinum sérstökum lið í reikningunum, en varnaraðili Gísli Halldórsson hafi talið þá rétta.

Af hálfu varnaraðilja Sigríðar Einarsdóttur er því haldið fram, að kröfur þessar hafi ekki við nein rök að styðjast. Skuld hafi aldrei stofnast við sóknaraðilja, og aldrei hafi nokkrir peningar þaðan runnið til félagsbús þeirra hjóna. Hefur umboðsmaður varnaraðilja Sigríðar Einarsdóttur mótmælt hverjum einstökum kröfulið í máli þessu sem röngum og búinu óviðkomandi.

Viðskipti þau, sem talið er, að hér hafi átt sér stað, hefjast þegar við stofnun firmans Gísla Halldórssonar h.f., eða snemma árs 1941. Varnaraðili Gísli Halldórsson varð þá þegar framkvæmdastjóri

fyrirtækisins og hefur verið það síðan, að því er virðist. Viðskiptareikningurinn á réttarskj. nr. 3 á að sýna viðskipti varnaraðilja við sóknaraðilja árin 1941—1950 samkvæmt bókum fyrirtækisins, og er þetta yfirleitt staðfest af Kolbeini Jóhannssyni, löggiltum endurskoðanda, á réttarskjali nr. 2, þar sem jafnframt eru samandregin viðskipti hvers árs fyrir sig. Eigi verður því dregið í efa, að viðskiptareikningur sá, sem lagður hefur verið fram í máli þessu, sé í samræmi við bækur sóknaraðilja, og hið sama verður að telja um sundurliðun þá, sem fram kemur af réttarskj. nr. 1257, sbr. réttarskj. nr. 1258 og 1259. Vottorð Þórðar Bjarnasonar, sem vann við bókfærslu fyrir sóknaraðilja á árunum 1942—1947, sbr. réttarskj. nr. 1261, svo og vottorð Þóris Hall, sem hefur verið gjaldkeri og bókarfi firmans frá því í marz 1949, sbr. réttarskj. nr. 1267, benda til, að bókhaldið hafi verið í fullkomnu lagi og að eigi hafi verið fært á þenna viðskiptareikning annað en það, sem rétt gat talizt, enda stutt af hinum framlögðu fylgiskjölum. Af framtölum Gísla Halldórssonar til skatts kemur í ljós, að hann telur ætíð verulega skuld hjá sér við sóknaraðilja öll árin, frá því að félagið var stofnað. Viðskipti Gísla Halldórssonar við sóknaraðilja virðast hafa verið geysimikil á þessum árum, bæði innborganir til sóknaraðilja og úttekt, svo sem fram kemur meðal annars af réttarskjali nr. 2.

Eigi þykir fært að fara út í einstaka liði á hinum framlagða viðskiptareikningi, enda ekki ástæða til, þegar virt eru þau andmæli, sem kröfurnar hafa sætt.

Sóknaraðili hefur sundurliðað kröfu sína í 3 liði, sbr. réttarskjal nr. 1257, og þykir rétt að taka þá nánar til athugunar, en flokka þá þó aðeins í 2 flokka. Kemur í fyrri flokkinn skuld sú, sem til er orðin 1. desember 1949, og í síðari flokkinn endurgjaldskrafa sóknaraðilja á hendur félagsbúinu á greiðslum, sem fram hafa farið eftir þann tíma.

Eins og fram er komið í málinu, sömdu aðiljar með sér undir rekstri málsins, að skipti á félagsbúi þeirra hjóna skyldu miðast við 1. desember 1949, en samkvæmt útreikningi endurskoðandans Kolbeins Jóhannssonar, sbr. réttarskj. nr. 1258, nam skuld félagsins þá við sóknaraðilja kr. 81.081.71. Samkvæmt því, sem áður segir, þykir verða að taka þessa fjárhæð til greina við skipti á félagsbúinu, enda ekki ástæða til að ætla, að varnaraðili Gísli Halldórsson hafi á þeim tíma haft nokkurn hag af því að telja skuld sína við sóknaraðilja hærri en hún raunverulega var.

Um 2. og 3. kröfulið sóknaraðilja á réttarskjali nr. 1257 er það að segja, að þær kröfur verða til eftir samvistarslitin. En þó gildir það sama um þær og kröfur undir 1. liðnum, að telja verður af þar greindum ástæðum, að sóknaraðili hafi innt þær af hendi, og ber því aðeins að rannsaka það hér, hvort þær greiðslur eru inntar af hendi vegna félagsbús varnaraðilja og hægt sé að krefja það um endurgreiðslu.

Þessir kröfuliðir koma allir fram í réttarskjali nr. 1259, bls. 1 og 2 undir I og II. Þegar þessir liðir eru bornir saman við fylgiskjölin á réttarskjölum nr. 1228, 1230—1234, 1239—1242, 1244, 1246 og 1248—1253 og annað, sem fram er komið í málinu, þykir auðsætt, að allar þessar greiðslur hafi farið fram vegna félagsbúsins, og þykir því næg ástæða fram komin fyrir því að taka einnig þessa kröfuliði til greina við skipti á félagsbúinu.

Krafa sóknaraðilja á búið, kr. 147.472.45, verður því tekin til greina við búskipti þessi ásamt 6% ársvöxtum frá þeim tíma, er sóknaraðili gerði kröfuna í búið, eða frá 25. apríl 1951 til greiðsludags.

Í framhaldssókn sinni á réttarskjali nr. 1288 hefur umboðsmaður varnaraðilja Gísla Halldórssonar krafizt þess, að eftirtalin ummæli verði ómerkt í varnarskjalinu á réttarskj. nr. 1269 á bls. 1, þar sem segir, að Gísli Halldórsson hafi afhent sóknaraðilja kvittanirnar á réttarskj. 10—1256 „til þess að hafa fé út úr“ Sigríði Einarsdóttur, og á bls. 25, þar sem segir, að Gísli Halldórsson noti sóknaraðilja „til þess að reyna að ná sér niðri á“ frúnni „og hafa af henni fé“.

Ummæli þau, sem tilfærð eru hér að framan innan gæsalappa, hafa ekki verið réttlætt, og þykir því verða að ómerkja þau samkvæmt kröfu umboðsmanns Gísla Halldórssonar.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Framangreind ummæli eru ómerkt.

Krafa sóknaraðilja, Gísla Halldórssonar h.f., kr. 147.472.45 með 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1951 til greiðsludags, skal tekin til greina við skipti á félagsbúi varnaraðilja, Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur.

Málskostnaður falli niður.